

Samþykkt

um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar nr. 238/2014, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er skipuð 11 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 26. gr.:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa úr hópi aðalmanna í bæjarstjórn fimm fulltrúa í bæjarráð til eins árs og formann og varaformann ráðsins. Aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Hafi fulltrúi í bæjarráði verið kjörinn til setu í bæjarstjórn í óbundinni kosningu skal þó fara fram kjör á varamanni hans meðal aðal- og varamanna í bæjarstjórn.

3. gr.

1. tölul. A-liðar 46. gr. breytist og verður svohljóðandi:

1. **Bæjarráð.** Fimm aðalmenn úr hópi aðalmanna í bæjarstjórn skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og formaður og varaformaður ráðsins. Aðal- og varamenn sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða sjálfkrafa varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Hafi kjörinn bæjarráðsmaður verið kjörinn bæjarfulltrúi í óbundinni kosningu skal varamaður hans kosinn úr hópi aðal- og varamanna í bæjarstjórn, sbr. 26. gr. samþykktar þessarar.

4. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett skv. 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 14. maí 2022 við kosningar til sveitarstjórnar Mosfellsbæjar.